



Skýrsla sveitarstjóra Sveitarstjórnarfundur -14. febrúar 2017-

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa bæjarfulltrúa Blönduósbæjar um verkefni sem eru í vinnslu á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar á hverjum tíma. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

- **Breytingar á skrifstofu**

Katrín Sif er komin tilbaka eftir árs launalaust leyfi frá störfum. Katrín mun starfa eftir eftirfarandi starfslýsingu:

- **Umsjón með skjalasafni sveitarfélagsins**
- **Umsjón og ábyrgð með vefsíðu sveitarfélagsins**
- Afstemmingar
- Aðstoða við undirbúning funda, m.a. með fjölföldun og dreifingu fundargagna og sem og boðun funda.
- Almenn afgreiðsla og upplýsingagjöf
- Önnur verkefni sem yfirmaður felur honum

- **Árbraut 33**

Framkvæmdir við Árbraut 33 eru í gangi og er verið að múra húsið að innan. Búið er að skipta um glugga og hurðir auk þess sem steipt var nýtt gólf með gólfhita að hluta. Ekki fengust fjármunir á síðustu fjárlögum og er verið að skoða leiðir til þess að fjármagna framvæmdirnar með langtímasamningi við stjórnvöld. Framkvæmdastjóri átti fund með Haraldi Benediktssyni, formanni fjárlaganefndar um málið. Fundur með ráðherra menntamála er væntanlegur á næstu vikum.

- **Fundur með Vegagerðinni**



Lokið er framkvæmdum við Blöndubrú í bili. Undirritaður fór ásamt yfirmanni Tæknideildar og fundaði með yfirmönnum Vegagerðarinnar á Akureyri til að fara yfir næstu skref í framkvæmdinni. Vegir munu verða lagaðir í vor báðu megin við brúnna og er gert ráð fyrir því að sett verði klæðning á veginn. Við fórum yfir það með þeim að gera þarf ráð fyrir að malbika þjóðveginn í gegnum Blönduós ásamt því að setja regnvatnslagnir í hluta af leiðinni. Gera þarf við hinn hlutan af brúnni og telur Vegagerðin að það megi ekki bíða lengur en í tvö ár með það. Komum við á framfæri þeim sjónarmiðum að gönguleiðin ætti að víkja og best væri að ný göngubrú tæki við fyrir gangandi fólk. Í drögum að langtímaáætlun í samgöngumálum var gert ráð fyrir henni á tímabilinu 2019-2022 og áætlaður kostnaður um 85 milljónir. Við fórum fram á að endurbætur á þjóðveginum og breytt hringtorg yrði sett inn sem sjálfstæð framkvæmd en þær framkvæmdir voru komnar inná samgönguáætlun 2007 en komust aldrei til framkvæmda.

Fram kom hjá Vegagerðinni að undirbúningur að lagningu Þverárfjallsvegar fer á fullt á árinu og er stefnt að því að gera samninga við bændur og ljúka hönnun. Gert er ráð fyrir að núverandi Neðribyggðavegur víki alfarið og verður frágangur á honum í samráði við landeigendur. Núverandi Skagastrandarvegur mun verða tengivegur og verða með svipað þjónustustig og Svínvetningabraut. Fram kom í máli þeirra að finna þarf þeim vegi nýtt nafn í vegaskrá og eru allar góðar hugmyndir vel þegnar. Gera þarf umhverfismat vegna framkvæmdanna og er að stefnt að útboði á næsta ári.

Þá fórum við yfir þá ósk okkar að Vegagerðin komi að uppsetningu á gömlu Blöndubrúnni úti Hrótey. Ekki er skilgreint fé til þeirra framkvæmda hjá þeim en þeir eru nokkuð jákvæðir á að vinna verkið. Áætlaður kostnaður við að sandblása brúnna og mála og setja tréverk í hana er um 22-23. milljónir. Búið er að ræða við Vegamálastjóra um þetta og við höfum hvorki fengið já eða nei. Ef fara á í þetta í ár þarf að taka þá fjármuni af viðhaldsfé og er andstaða við það hjá yfirmönnum Vegagerðarinnar. Næstu skref verða skoðuð þegar fyrir liggur hvort styrkur fáiist frá Ferðamálasjóði en það ætti að liggja fyrir í lok febrúar.

- **Skipulagsmál**

Búið er að auglýsa breytingu á aðalskipulagi vegna skotfélagssvæðisins og einnig deiliskipulag fyrir skotsvæðið og Brautarhvamm. Afgreiðsla þeirra ætti að geta



klárast í apríl nk. Þá hefur verið skoðaðir nokkrir möguleikar vegna staðsetningar á fjölbýlishúsi og einnig er búið að leggja drög að skipulagi á reitnum við Hnjúkabyggð. Undirritaður átti fund á dögnum með forráðamönnum Olís og sýna þeir því áhuga að koma að uppbyggingu á þjónstumiðstöð á næsta ári. Gert er ráð fyrir því að hafa samráð við þá um greiningu og nánari útfærslu á því samhliða deiliskipulagsgerð. Þá hefur einnig verið skoðað að Ámundakinn byggji nýtt hús sitt á þessu svæði og er þá helst horft til reitsins ofan við bókasafnið

- **Áhaldahús**

Þessa daganna er verið að ljúka við að flytja áhaldahúsið að Ægisbraut 1. Gert er ráð fyrir að Efstabrautinn verði afhent til Ámundakinnar um mánaðarmótinn. Gert er ráð fyrir að Primahlutinn af húsinu verði afhentur í vor eða byrjun sumars en þeir eru að bíða eftir nýrri kryddverksmiðju sem verið er að smíða í Kína og verður hún sett upp í nýja húsinu þeirra.

- **Atvinnumál**

- Gerður hefur verið Þjónustusamningur um mat á hagkvæmni og lífdíselframleiðslu í Austur Húnavatnssýslu. Samningurinn gerir ráð fyrir 10. mkr. greiðslu vegna greiningar á hagkvæmni þess að stofna og reka lífdíselframleiðslu á Blönduósi.